



ERINDISBRÉF

Starfshópur um endurskoðun átaksverkefna auk verkefna tengd sama markhópi

Ábyrgð: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Markmið og hlutverk:

Átaksverkefni á vegum velferðarsviðs hafa verið starfrækt nær samfelld frá 2001, með ýmsum breytingum og þróun í takt við breytingar í þjóðfélaginu. Um er að ræða verkefni Grettistak, Karla- og Kvennasmiðju. Markhópur verkefnanna eru notendur með langvarandi félagslega erfiðleika, sem hafa verið utan vinnumarkaðar í lengri tíma og eru með brotna eða litla skólagöngu. Nokkur áherslumunur er þó á eðli og framkvæmd verkefnanna. Auk ofangreindra verkefna eru rekin önnur verkefni á vegum sviðsins, sem veita sama markhóp þjónustu og hafa starfað í skemmri tíma s.s. Tinna, Bataskólinn, IPS og sértæk virkniverkefni innan þjónustumiðstöðva.

Markmið með endurskoðun á átaksverkefnum er að meta á heildstæðan hátt árangur af verkefnunum og fá yfirsýn yfir bæði markhópa og umgjörðina í kringum ólík verkefni með það í huga að ná fram samstarfi og samnýtingu í rekstri. Hlutverk starfshópsins er að leggja fram tillögur að samþættingu/samnýtingu átaksverkefna velferðarsviðs auk Tinnu, IPS og Bataskólans. Byggja þarf á styrkleikum hvers úrræðis með það að markmiði að þau nýtist fjölbreyttum hópi notenda. Einnig er mikilvægt að skoða tengsl við önnur verkefni utan velferðarsviðs með tilliti til samstarfs.

Átaksverkefni gegna veigamiklu hlutverki í þeim þjóðfélagsbreytingum sem við stöndum frammi fyrir núna, með auknu atvinnuleysi og því mikilvægt að hægt sé að aðlaga þjónustuna að fjölbreyttum hópi með tiltölulega stuttum fyrirvara.

Verkefni:

- Vinna að þarfagreiningu og skilgreina markhópa.
- Setja fram mögulegar sviðsmyndir að samþættingu verkefnanna m.t.t. markhóps, virkni- og endurhæfingaleiða, tímalengdar og starfsmannafjölda. Huga skal að því að möguleikar á breyttu fyrirkomulagi skili sér í auknum gæðum, sveigjanleika, nýtingu og hagræðingu.
- Vinna kostnaðaráætlanir á grundvelli mismunandi sviðsmynda.
- Kynna sér fyrirliggjandi gögn um verkefni m.a. ársskýrslur, rannsóknir, úttektir og notendakannanir.
- Afla upplýsinga um sambærileg innlend og erlend verkefni.

Starfshópurinn skipa:

Þeir fulltrúar úr velferðarráði, formaður starfshópsins úr röðum meirihluta ásamt þremur embættismönnum og verkefnastjóra.

Verkefnastjóri:

Til ráðgjafar:

Vinnutilhögun:

Hópstjóri leiðir hópinn og boðar til reglulegra funda á starfstímanum og skilar tillögum í lok starfstímans.

Starfstími:

Teymið starfar á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2020.

Reykjavík, xx maí 2020

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs